

Fæðuval á meðgöngu, sykurþol og meðgöngusykursýki.

Ellen Alma Tryggvadóttir MSc. nemi (eat2@hi.is), Bryndís Eva Birgisdóttir dósent, Ingibjörg Gunnarsdóttir prófessor.

Rannsóknastofa í næringarfræði, Matvæla- og næringarfræðideild,
Heilbrigðisvísindasvið, Háskóli Íslands & Landspítali Háskólasjúkrahús

Inngangur: Góð næring á meðgöngu er afar mikilvæg fyrir heilbrigði bæði móður og barns. Fæðuval þungaðra kvenna á Íslandi hefur ekki verið mikið rannsakað síðustu ár en tíðni offitu meðal ungra kvenna hefur aukist. Á sama tíma hefur tíðni meðgöngusykursýki aukist á heimsvísu, en offita er einn af áhættuþáttum hennar. Tengsl mataræðis á meðgöngu við niðurstöður sykurþolsprófa hafa ekki verið rannsökuð á Íslandi áður.

Markmið: 1) Að bera saman fæðuval þungaðra kvenna (við 20 vikur) sem voru í kjörþyngd (Líkamsþyngdarstuðull 19-24,9 kg/m²) fyrir þungun og þeirra sem voru yfir kjörþyngd (LPS ≥25,0- 40 kg/m²) fyrir þungun.
2) Kanna hvort tengsl séu á milli fæðuvals um 20.viku meðgöngu og skerts sykurþols eða hættu á meðgöngusykursýki við 24.-26.viku meðgöngu.

Aðferðir: Verkefnið er hluti af stærri rannsókn á kvennadeild Landspítalans sem kallast Göngum Dálítið Meira (GDM) - rannsóknin. Konum var boðin þátttaka við 20 vikna ómskoðun. Fljótlega í kjölfar þátttöku héldu konurnar vigtaða skráningu á öllum mat og drykk í fjóra daga. Þar af voru tveir virkir dagar og tveir helgardagar. Niðurstöður matardagbóka voru skráðar í ICEFOOD sem byggir á kóðum úr gagnagrunni ÍSGEM. Konurnar fóru allar í sykurþolspróf við 24.-26. viku meðgöngu. Til þátttöku fengust 98 konur í kjörþyngd og 85 konur sem voru yfir kjörþyngd.

Niðurstöður og ályktanir: Verkefni er í vinnslu og niðurstöður eru væntanlegar í lok maí 2014. Hér má þó sjá fyrstu niðurstöður sem er samanburður á neyslu nokkurra fæðuflokka í hópunum tveimur.